



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	17. apríl 2019
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	BM/þe
Verkefni/tillaga:	Heimild til notkunar á eigin matarílátum á Vitatorgi
Þjónustubáttur:	Matarþjónusta fyrir eldri borgara
Stofnun/kostn.st.:	Framleiðslueldhús Vitatorgi
Fjárhæð:	
Annað:	Sérstaklega var hugað að því hvernig tillagan hefur áhrif á eldri borgara af öllum kynjum og jaðarsetta hópa.

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Í framleiðslueldhúsinu á Vitatorgi er eldaður 1000-1100 máltíðir á dag. Þar eru bæði framleiddar máltíðir til heimsendingar og matur sendur út til 15 móttökueldhúsa velferðarsviðs. Jafnframt er þar mötuneyti þar sem matnum er skammtað á diska af starfsmönnum eldhússins. Um 30% af matnum er seldur í einnota bökkum sem fólk tekur með sér heim. Tillagan snýst um að tilraunaverkefni verði sett á fót í mötuneytinu á Vitatorgi þess efnis að þeim sem óski þess verði boðið að koma með eigin ílát og setja mat í það sjálf. Jafnframt verður boðið upp á kaup á umhverfisvænum einnota umbúðum fyrir 100 kr. Verkefnið hefst þann 1. maí nk. og stendur til 30. nóvember 2019 og mun rúmast innan fjárhagsramma.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Tillagan var skoðuð m.t.t. þess hvernig hún virkar fyrir fólk af öllum kynjum. Með því að bjóða upp á möguleika á að taka með sér matarílát að heiman eða kaupa umhverfisvænar umbúðir eykst val í nálgun matar og það hefur jákvæð áhrif á lífsgæði fólks af öllum kynjum.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Tillagan snertir borgarþátt sem ekki geta eldað sjálfir og þurfa á matarþjónustuað halda frá velferðarsviði. Um er að ræða eldri borgara og fatlað fólk.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Nú munu þeir sem ekki geta eldað sjálfir hafa möguleika á að velja hvort þeir vilji fá heimsendan mat, borða í mötuneyti, koma með eigin matarílát að heiman og færa mat í þau eða kaupa umhverfisvænar umbúðir. Þetta mun leiða til þess að fólk af öllum kynjum sem situr við sama borð hvað varðar getu til eldamennsku mun nú eiga kost á fjölbreyttari og betri þjónustu í samræmi við áherslur matarstefnu Reykjavíkurborgar 2018-2022 um umhverfisvænar umbúðir.

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillöggunni? ¹
Nei

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.